



## Eineltisáætlun Grunnskóla Grindavíkur

### Stefnuyfirlýsing Grunnskóla Grindavíkur

- Starfsfólk skólans telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í skólanum og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur.
- Skólinn leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum innan skólans þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

### Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi.

Einelti getur verið beint eða óbeint. Með beinu ofbeldi er átt við líkamlegt ofbeldi eins og spörk, högg, blótsyrði, niðurlægjandi og háðslegar athugasemdir eða hótanir. Óbeint einelti er þegar einstaklingur er útilokaður frá félagahópnum, verður fyrir illu umtali eða komið í veg fyrir að hann eignist vini.

Stríðni verður að einelti þegar um endurtekna áreitni í langan tíma af einum eða fleiri er að ræða og viðkomandi hefur sýnt að honum mislíkar. Hegðun og líðan þolandans breytist vegna þessarar áreitni. Ekki er um einelti að ræða ef atvikið gerist einu sinni.

### Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- Mikilvægt er að börn séu alin upp við jákvæða athygli. Þau læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum.
- Námsefni og samvinnuleikir séu valdir með tilliti til aldurs.
- Nemendur velji sig ekki í hópa án ábyrgðar fullorðinna.
- Tryggt sé að gæsla sé í frímínútum og á þeim stöðum þar sem nemendur dvelja utan kennslustunda.
- Tekið verði á samskiptavandamálum, í samræmi við vinnureglur, þegar þau koma upp.
- Starfsfólk skólans verði nemendum fyrirmynd í framkomu.
- Mikilvægt er að skapa andrúmsloft þar sem einelti er alls ekki liðið. Hlýlegt og umhyggjusamt viðmót starfmannanna ásamt áherslu á góða framkomu nemenda er það andrúmsloft sem dregur úr eineltismyndun.
- Könnun á líðan verði lögð fyrir nemendur 3.-10. bekkja í október. Könnunin er gerð árlega. Ef nemandi greinir frá einelti í könnuninni mun námsráðgjafi/deildarstjóri hitta nemandann og fara betur yfir líðan hans.

- Eineltisteymi fer yfir stöðu mála í skólanum tvisvar svar sinnum á önn.
- Starfsfólk fylgist vel með samskiptum nemenda og gerir umsjónarkennara viðvart ef það hefur grun um einelti.
- Starfsfólk fær handleiðslu og fræðslu um aðferðir uppbyggingarstefnunnar til að styðja við þessi vinnubrögð.
- Fræðsla um samskipti og einelti er hluti af lífsleikninámi.
- Deildarstjórar fara í bekki á haustin og kynna eineltisáætlun og eineltisteymi. Þeir gera nemendum ljóst að við einelti sé ekki liðið og að nemendur eiga öruggt skjól hjá starfsfólki.

### Ábyrgð umsjónarkennara

- Unnið er að því að efla góð samskipti, umburðarlyndi og virðingu í bekkjarstarfi.
- Nemendur fá fræðslu um einelti og eineltisáætlun skólans kynnt nemendum og þeim gerð grein fyrir því að einelti líðst ekki.
- Lögð er áhersla á að halda reglulega bekkjarfundi þar sem farið er yfir samskipti innan bekkjarins og við aðra nemendur skólans.
- Lögð er áhersla á góða bekkjarstjórnun.
- Eftirfylgni við niðurstöður úr könnun á líðan nemenda.

### Ábyrgð heimilanna

Grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri og eru foreldrar bestu fyrirmyndir barna sinna. Foreldrar eru hvattir til að ræða reglulega um samskipti og líðan við börn sín. Ef þeir hafa áhyggjur af líðan barnanna er mikilvægt að hafa strax samband við umsjónarkennara og einnig ef þeir hafa grun um einelti í bekknum eða skólanum. Gott samstarf og upplýsingaflæði milli heimila og skóla er grundvöllur þess að vel gangi að sporna við einelti.

### Eineltisteymi

Í skólanum starfar hópur sem sameiginlega leitar leiða þegar eineltismál koma upp „eineltisteymi“. Hlutverk teymisins er að taka til meðferðar mál, sem ekki hefur tekist að leysa á frumstigi hjá umsjónarkennara og deildarstjóra, og skilgreind hafa verið sem eineltismál. Teymið hefur umsjón með vinnu eineltismála innan skólans og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn. Í eineltisteymi Grunnskóla Grindavíkur eru:

Skólastjóri / deildarstjórar viðkomandi stigs [pallleo@grindavik.is](mailto:pallleo@grindavik.is)  
[palmin@grindavik.is](mailto:palmin@grindavik.is) [olofbo@grindavik.is](mailto:olofbo@grindavik.is) [asrun@grindavik.is](mailto:asrun@grindavik.is)  
 Hjúkrunarfræðingur [dorad@hss.is](mailto:dorad@hss.is)  
 Námsráðgjafi [gudrun@grindavik.is](mailto:gudrun@grindavik.is)  
 Félagsráðgjafi [hildigunnur@grindavik.is](mailto:hildigunnur@grindavik.is)

Skólastjóri kallar teymið saman.

Þeir sem telja sig vita um eða verða fyrir einelti sjálfir geta haft samband umsjónarkennara, einhvern í eineltisteyminu eða aðra starfsmenn skólans. Nafnleyndar er að fyllstu gætt. Foreldrar eru beðnir að fara varlega, láta skólann vita ef minnsti grunur er um einelti gagnvart börnum þeirra eða annarra og hefja ekki aðgerðir nema í samráði við skólann.

### Viðbrögð við einelti

1. Ef grunur er um einelti skal það tilkynnt til umsjónarkennara sem kortleggur málið. Umsjónarkennari þolanda vinnur með eineltismál sem tengjast út fyrir bekkinn með viðkomandi umsjónarkennurum og deildarstjóra. Þegar eineltismál eru kortlögð skal það skráð í mentor, hvort sem kennari telur að um einelti sé að ræða eða ekki.
2. Liggi ljóst fyrir að um einelti sé að ræða gerir umsjónarkennari eineltisteymi grein fyrir málinu og ákveðið vinnuferli fer í gang, sem eineltisteymi ber ábyrgð á. Ferlið felst í því að:
  - rætt er við þolendur og gerendur og leitast við að finna lausn á vandanum í samvinnu við heimilin.
  - þolanda er gert ljóst að hann hefur stuðning skólans og hann fær tækifæri til sjálfsstyrkingar.
  - geranda/gerendum er hjálpað við að leiðrétta mistök sín og breyta hegðun sinni með uppbyggingaráætlun.
  - málinu er fylgt eftir af aðila úr eineltisteyminu með samtölum við þolanda og geranda.
3. Umsjónarkennari vinnur áfram með þolanda m.a. með því að finna honum stuðningsaðila innan bekkjarins og sjá til þess að fylgst sé með honum. Einnig er unnið með geranda og honum veitt viðtöl þar sem farið er yfir hvernig honum gengur að leiðrétta mistök sín.
4. Þegar einelti lýkur skal umsjónarkennari skrá það í mentor. Umsjónarkennari tilkynnir foreldrum þolanda og geranda að eineltismáli sé lokið.